

REGLUGERÐ

um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1964.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1965, er miðast við legudagafjölda 1964.

2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar lækniþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

3. gr.

Í I. flokki B eru:

Borgarspítalinn í Reykjavík,
Sjúkrahús Akureyrar.

Í II. flokki A eru:

Hvítabandið,
Sjúkrahús Akraness,
Sjúkrahús Ísafjarðar,
Sjúkrahús Neskaupstaðar,
Sjúkrahús Keflavíkur.

Í II. flokki B eru:

Sjúkrahús Sauðárkróks,
Sjúkrahús Siglufjarðar,
Sjúkrahús Vestmannaeyja,
Sjúkrahús Árnesinga.

Í III. flokki A eru:

Farsóttahúsið í Reykjavík,
Sjúkrahús Patreksfjarðar,
Sjúkrahús Hvammstanga,
Sjúkrahús Blönduóss,
Sjúkrahús Húsavíkur,
Sjúkrahús Seyðisfjarðar,
Sólvangur í Hafnarfirði.

Í III. flokki B eru:

Sjúkrahús Þingeyrar,
Sjúkrahús Flateyrar,
Sjúkrahús Bolungarvíkur,
Sjúkrahús Hólmavíkur,
Sjúkrahús Vopnafjarðar,
Sjúkrahús Egilsstaða,
Sjúkrahús Þórshafnar.

4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A	100%
Í I. flokki B	90%
Í II. flokki A	70%
Í II. flokki B	60%
Í III. flokki A	50%
Í III. flokki B	40%

5. gr.

Samkv. ákvæðum fjárlaga 1965, sbr. 12. gr. VI, er styrkuppþæðin kr. 8 000 000.00, og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

I. flokkur B	kr. 39.00
II. flokkur A	— 30.00
II. flokkur B	— 26.00
III. flokkur A	— 22.00
III. flokkur B	— 17.00

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1964 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúsálögum nr. 50 10. júlí 1964, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 147.

1. september 1965.

AUGLÝSING

um breyting á námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri.

Í stað ákvæðis um starfsfræðslu og leiðbeiningar um stöðuval á bls. 35 í námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, er menntamálaráðuneytið setti árið 1960 samkv. heimild í 36. gr. laga nr. 34/1946 og 30. gr. laga nr. 48/1946 og gildi tók samkv. auglýsingu nr. 192, dags. 16. september 1960, komi eftirfarandi:

Starfsfræðsla og leiðbeiningar um náms- og stöðuval fari fram í I. og II. bekk gagnfræðastigs í nánnum tengslum við félagsfræði og þann þátt landafræðinámsins, er lýtur að atvinnuvegum landsmanna, og skal ætla eina kennslustund á viku til félagsfræði og starfsfræðslu í hvorum bekk.

Þar sem kennslustundir á viku í I. og II. bekk gagnfræðastigs eru færri en 33, skal bætt við einni kennslustund, en skólustjóra er heimilt, vegna téðra námsgreina, að fækka um eina kennslustund á viku í einhverri námsgrein skólans, ef vikustundir eru 33 eða fleiri.

Kennsluna skulu þeir einir annast, sem sérstakrar þjálfunar hafa notið í starfsfræðslu.